


IKEA innkallar ELGÅ FENSTAD rennihurð með spegli 73x196 cm



IKEA biður viðskiptavini sem eiga ELGÅ skáp með FENSTAD rennihurð með spegli frá framleiðanda nr. 12650 vinsamlegast að hafa samband við Þjónustuver IKEA(www.ikea.is/thjonustuver).

IKEA hefur fengið tilkynningar um að spegillinn geti losnað af hurðinni og brotnað í beittar flísar. Spegillinn er þungur og það, auk hættunnar á að hann brotni, skapar slyshættu. Vitað er um eitt tilvik þar sem viðskiptavinur skar sig.

ELGÅ FENSTAD rennihurð með spegli er framleidd á þremur stöðum. Innköllunin á aðeins við um hurðir frá framleiðanda nr. 12650. Númer framleiðandans er prentað neðst á bakhlið hurðarinnar, á sama stað og stendur „Made in Sweden“.



Viðskiptavinir sem eiga ELGÅ FENSTAD rennihurð með spegli frá framleiðanda nr. 12650 eru beðnir að hafa samband við Þjónustuver IKEA í síma 520 2500 til að fá leiðbeiningar um hvernig á að bera sig að við að fá nýja hurð, að sjálfsögðu þeim að kostnaðarlausu.

Þetta á ekki við um aðrar IKEA rennihurðir.

IKEA biðst velvirðingar á óþægindum sem þetta kann að valda.